

Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar

Ársreikningur Mosfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytisins sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 6.828,2 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 6.260,0 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem var lögbundið hámark árið 2013.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,265% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hámark og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 30,7 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 30,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2013 nam 3.951,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 3.434,8 millj. kr.

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2013 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Mosfellsbæ, 3. apríl 2014

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2013 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Mosfellsbæ, . apríl 2014

Bæjarstjórn:

